

26. apríl 2017

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ

Samningar um tímabundna leigu á Ástjarnarkirkju vegna skólastarfs grunnskólans í Skarðshlíð

Starfshópur um byggingu nýs leik- og grunnskóla í Skarðshlíð lagði áherslu á það á lokafundi sínum 25. október sl. að bygging nýs skólahúsnæðis og samningur um bráðabirgðarhúsnæði í safnaðarheimili við Kirkjuvelli væru aðkallandi verkefni svo skólahald í nýjum grunnskóla gæti farið af stað haustið 2017. Starfshópurinn lagði þá til að fyrsta starfsár nýs skóla, 2017-2018, yrði í nýju safnaðarheimili á Kirkjuvöllum.

Sviðsstjóra fræðslu- og frístundarþjónustu og sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu var falið að vinna að húsrýmislykli fyrir nýjan grunnskóla og undirbúa tímabundna starfsemi í Ástjarnarkirkju. Á opnum fundi með foreldrum þann 27. október var hugmyndin kynnt skólasamfélaginu.

11. janúar sl. lagði sviðsstjóri fræðslu- og frísundarþjónustu fram minnisblað í fræðsluráði vegna vinnu við húsrýmislykil.

Annar opinn fundur var haldinn með skólasamfélaginu 31. janúar á sal Hraunvallaskóla. Þar var m.a farið yfir akstur frá völlum 5B og 6 (skólahverfi skólans í Skarðshlíð) að bráðabirgðarhúsnæði í safnaðarheimilinu við Kirkjuvelli og teikningar af húsnæðinu kynntar.

Á haustmánuðum munu um 100 nemendur í 1. – 4. bekk hefja skólagöngu sína í safnaðarheimilinu. Nýr skólastjóri grunnskólans í Skarðshlíð gerir ráð fyrir um sex bekkjardeildum næsta haust auk þess sem rými er fyrir matsal, stjórnendaálmú, stoðþjónustu og frístund. Undirbúningur skólaársins miðast við að starfsemin fari fram í fyrrgreindu húsnæði í eitt skólaár. Leiktæki og annar nauðsynlegur búnaður verður á lóð kirkjunnar tímabundið fram að flutningi í endanlegt húsnæði.

Virðingarfyllst,


Fanney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri